



Bréf til formanns Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar 6. febrúar 1939

Bjarni Benediktsson Bréf til formanns Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar 6. febrúar 1939

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-7, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 6. febr. 1939.

Þar sem jeg hefi orðið þess áskynja, að ummali þau, sem jeg hafði á síðasta sameiginlegum fundi launamálanefndar Bæjarstjórnar Reykjavíkur og fulltrúa Starfsmannafjelagsins, um eftirlaunasjóð hafi verið misskilin, m.a. á þá leið, að jeg vildi leggja til, að laun starfsmanna bæjarins lækkuðu frá því, sem áður var ráðgert um allt að 10% og að slík lækkun væri skilyrði þess, að launamálið yrði afgreitt, vil jeg taka þetta fram og óska, að það komi fram, ef þessu máli verður hreyft á fundi Starfsmannafjelagsins eða í stjórn þess:

Þegar tillögur þar um laun starfsmannanna, sem nú liggja fyrir, eru athugaðar, verður ekki fram hjá því komist, að launin hækka frá því, sem þar er tekið fram, um þau 6%, sem berinn greiðir nú í Eftirlaunasjóð. Ef orðið verður við þeim tilmálum, sem fram hafa komið um, að starfsmennirnir sleppi við að greiða þau 1-2% í Lífeyrissjóð Íslands, sem þeir verða nú, eins og aðrir borgarar yfirleitt, að greiða, þá merkir það enn 1-2% hækkun launanna.

Það er því óumdeilanlegt, að hvorttveggja þessi atriði eru þáttur í launamálinu í heild. Starfsmannafjélagið hefir og viðurkent, að svo væri með því að fara fram á að fá Lífeyrissjóðsgjaldið eftirgefið og breyta því einmitt meðan á endurskoðun launanna stóð, en slíkt hlaut að verða til þess, að þessi atriði yrðu tengd saman.

Ef á það er litið, hvernig þessum málum er annarsstaðar hjer á landi fyrir komið, þá er fyrst að athuga starfsmenn ríkisins.

Ríkisstarfsmenn hafa yfirleitt lagri laun en bæjarstarfsmenn mundu fá skv. vantanlegri reglugerð. En hjer við batist, að reglulegir embettismenn verða sjálfir að borga 7% af launum sínum í Lífeyrissjóð embettismanna, og dregst sú upphæð því frá hinum lágu launum þeirra. Um nýja embettismenn og aðra starfsmenn ríkisins gildir hinsvegar það, að þeir greiða einungis sama gjald í hinn almenna Lífeyrissjóð Íslands eins og aðrir borgarar og eiga heldur engan eftirlaunarjett umfram þá.

Ef með bæjarstarfsmenn væri farið skv. þessu, þá mundi það leiða til þess, að annaðhvort yrði eftirlaunasjóðurinn lagður niður og starfsmenn greidda til Lífeyrissjóðs Íslands eins og aðrir borgarar eða þeir yrðu sjálfir að greiða 6% í eftirlaunasjóð og kæmst þá

trúlega hjá að greiða nokkuð í Lífeyrissjóð Íslands.

Þriðja leiðin er sú, sem farin er í bönkunum, sem sje að þeir greiða helming tryggingargjaldsins og starfsmennirnir helming. Skv. því mundi bærinn greiða 3% af laununum í eftirlaunasjóð og starfsmennirnir 3%. En þá mundu þeir jafnframt yfirleitt sleppa við að greiða gjaldið í Lífeyrissjóð Íslands, og mundi af því leiða, að raunverulega yrðu það ekki nema tæp 2%, sem þeir yrðu að greiða í eftirlaunasjóð umfram það, sem nú er.

Á þessar þrjár leiðir benti jeg á umræddum fundi. að vísu gerði jeg ekki grein fyrir, hverja þeirra jeg mundi velja, ef jeg átti að ráða, en sannast sagt hafði mjer helst dottið í hug þriðja leiðin, þó að hinar mætti einnig athuga, ef starfsmennirnir kysu þær heldur.

Skifting eftirlaunasjóðsgjaldsins með þessum hætti virðist að öllu leyti mjög sanngjörn. Skal jeg ekki rekja það mál, en einungis benda á nokkrar sjerstakar ástæður, sem styðja að þeirri lausn.

Setning nýrrar reglugerðar mundi leiða til þess, að ýmsir þeir, sem áður hefir ekki verið greitt af til eftirlaunasjóðs, mundu nú komast í þann hóp, sem af væri greitt. Þá munu laun víða hækka og aukatekjur breytast í föst laun. Allt mundi þetta verða til þess, að ef ekki væri frekara aðgert, mundi bærinn verða að greiða meira en áður til eftirlaunasjóðs. Þar sem þetta mundi batast við aukin útgjöld bæjarins til beinna launa er ljóst, að slíkt hlyti að torvelða lausn málsins í heild. Úr slíkum erfiðleikum mundi skifting gjaldsins mjög draga.

Hún mundi hafa mjög óveruleg útgjöld í för með sjer fyrir hvern sjerstakan starfsmann, en muna bæinn nokkru fjárhagslega. En einkum mundi hún sýna, að starfsmenn bæjarins vilðu nokkuð leggja fram af sinni hálfu til að leysa þetta erfiða mál.

Því að það mega starfsmennirnir gera sjer ljóst, að á jafn-erfiðum tímum og þessum er ekki leikur einn að koma fram nýrri launareglugerð, og sanngirnir af hálfu starfsmanna hlýtur að auðvelða bæjarstjórn gagnvart borgurunum yfirleitt að koma fram þeirri lausn málsins í heild, sem starfsmennirnir mega vel við una.

Öll ósanngirnir af hálfu starfsmanna svo sem fullyrðingar, að til-efnislausu, um, að jeg hafi með þessum tillögum mínum viljað fleyga málið og hleypta því í strand, og þess vegna beri að synja athugun á þeim, hljóta hinsvegar að verða til þess að torvelða lausn málsins. Til þess að koma í veg fyrir að svo fari og í þeirri von, að með góðu samstarfi megi mjög

bráðlega leysa málið í heild skrifa jeg þetta brjef.

Virðingarfyllst

Til

formanns starfsmannafjelags Reykjavíkur.